

## REGLUGERÐ

### um gagnatengingaþjónustu í samevrópska loftrýminu.

#### 1. gr.

##### *Markmið.*

Markmið reglugerðar þessarar er að kveða á um kröfur um gagnatengingaþjónustu (e. data link services) í samevrópska loftrýminu.

#### 2. gr.

##### *Gildissvið.*

Reglugerð þessi gildir um öll flug sem starfrækt eru í tengslum við almenna flugumferð í samræmi við blindflugsreglur innan loftrýmis sem skilgreint er í 1. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 29/2009 frá 16. janúar 2009 um kröfur um gagnatengingaþjónustu fyrir samevrópska loftrýmið, ásamt síðari breytingum.

#### 3. gr.

##### *Innleiðing.*

Með reglugerð þessari öðlast gildi eftirfarandi reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar (EB), með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XIII. viðauka samningsins og bókun 1 um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum hans:

- a. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 29/2009 frá 16. janúar 2009 um kröfur um gagnatengingaþjónustu fyrir samevrópska loftrýmið, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 85 frá 3. júlí 2009, birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 26 frá 20. maí 2010, bls. 123.
- b. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 441/2014 frá 30. apríl 2014 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 29/2009 um kröfur um gagnatengingaþjónustu fyrir samevrópska loftrýmið, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 235 frá 24. október 2014, birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 73 frá 4. desember 2014, bls. 1072.

#### 4. gr.

##### *Gildistaka.*

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 57. gr. a, 5. mgr. 75. gr. og 76. gr., sbr. 145. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Um leið fellur brott c-liður 4. gr. reglugerðar nr. 601/2008 um kröfur um sjálfvirkt kerfi til að skiptast á fluggögnum milli flugstjórnardeilda.

Reglugerðin kemur til framkvæmda 5. febrúar 2016.

*Innanríkisráðuneytinu, 26. mars 2015.*

F. h. r.

**Sigurbergur Björnsson.**

*Gunnar Örn Indriðason.*